

M-84/2011. Álit 9. janúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 9. janúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-84/2011.

I

Málsmeðferð og niðurstaða

Hinn 14. september 2011 sendi X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, tölvupóst til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna samskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Erindið varðar meðferð Y á sendingu frá buy.is til álitsbeiðanda, sem álitsbeiðandi kveður hafa tekið tvær vikur. Krefst álitsbeiðandi þess að Y endurgreiði honum LCD skjá þann sem var í sendingunni og bæti honum tjón á tíma og peningum „sem farið hafa í þetta“.

Hinn 14. september 2011 sendi kæruneftndin álitsbeiðanda erindi þar sem óskað var eftir því að ef hann óskaði álits frá nefndinni yrði hann að fylla út þar til gert eyðublað, þar sem fram kæmu fullnægjandi upplýsingar og gera ákveðnar kröfur. Slíkt eyðublað hefur ekki borist frá álitsbeiðanda. Því liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um málsaðila, málsatvik og kröfur álitsbeiðanda.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa kemur fram að nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að það er ekki tækt til álitsgjafar.

Í máli þessu liggur ekki fyrir fullnægjandi álitsbeiðni frá álitsbeiðanda og því liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um álitsbeiðanda, gagnaðila, málsatvik og kröfur álitsbeiðanda. Af þeim ástæðum telur kæruneftndin að málið sé svo óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til álitsgjafar. Sér nefndin því ekki annan kost í stöðunni en að vísa málinu frá nefndinni.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir